

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2014

053-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1264/2013 frá 3. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1264**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1264/2013 frá 3. desember 2013 (Stjtið. ESB L 326, 6.12.2013, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1264/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 326, 6.12.2013, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.